

Starfsreglur **endurskoðunarnefndar.**

1. Skipun endurskoðunarnefndar

Stjórn Eikar fasteignafélags hf. (hér eftir nefnt „félagið“) skipar félaginu endurskoðunarnefnd, þar sem félagið er tengt almannahagsmunum m.a. vegna útgáfu verðbréfa sem skráð hafa verið í kauphöll, sbr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

2. Nefndarskipan

- 2.1. Nefndarmenn skulu vera þrír, þar af að minnsta kosti tveir stjórnarmenn, og allir óháðir endurskoðendum félagsins. Meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður félaginu og stjórnendum félagsins. Að auki skal einn nefndarmanna, vera óháður stjórnendum félagsins félaginu sjálfu sem og stórum hluthöfum þess. Forstjóri félagsins skal ekki eiga sæti í nefndinni.
- 2.2. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar, og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningskila eða endurskoðunar.

3. Hlutverk, tilgangur og ábyrgð endurskoðunarnefndar

- 3.1. Starfssvið endurskoðunarnefndar nær til félagsins og félaga innan samstæðu þess. Endurskoðunarnefndin skal leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda félagsins. Endurskoðunarnefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk (án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra):
 - a. Eftirlit með vinnuferli við reikningsskil.
 - b. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða.
 - c. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins og samstæðureiknings ásamt eftirliti með yfirferð ársreikninga.
 - d. Mat á óhæði endurskoðanda og þörf á innri endurskoðanda.
 - e. Eftirlit og mat á störfum ytri og innri endurskoðanda .
 - f. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og innri endurskoðanda.
 - g. Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál félagsins.
 - h. Hafa eftirlit með áhættugreiningu, áhættumati og viðbrögðum við áhættu.

- i. Eftirlit með úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.
- j. Yfirfara fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðenda og ytri endurskoðendum, og hafa eftirlit með því að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.
- k. Hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda.

3.2. Endurskoðunarnefnd skal setja sér árlega verkefnaáætlun.

3.3. Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

4. Fundir

4.1. Endurskoðunarnefndin skal, að lokinni árlegri skipan hennar, koma saman til fundar. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar frá nefndarformanni eða, ef nefndarformaður er nýr í nefndinni, þeim nefndarmanni sem lengst hefur setið í nefndinni.

4.2. Formaður nefndarinnar boðar fundi og sér um að fundir séu færðir til bókar. Fundargerðir og gögn sem tekin eru fyrir á fundum nefndarinnar skulu send á gagnasvæði nefndarmanna. Á næsta fundi skal fundargerð borin upp til samþykktar. Í upphafi hvers starfsárs gerir nefndin áætlun um nefndarfundi ársins, fundi með endurskoðendum, stjórn og fundi með starfsmönnum félagsins.

5. Samskipti við stjórn

Endurskoðunarnefndin skilar a.m.k. árlega verkefnaáætlun og skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar félagsins. Í skýrslum til stjórnar skal greina frá samskiptum nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda/endurskoðandafyrirtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings.

6. Samskipti við innri endurskoðendur

Innri endurskoðendur skulu senda nefndinni árlega skýrslu sína vegna innri endurskoðunar, áður en hún er lögð fyrir stjórn, og skýrslan skal jafnframt kynnt fyrir nefndinni, sé þess óskað. Þá skulu innri endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Skýra skal nefndinni frá mikilvægum atriðum sem fram koma við innri endurskoðun, eins fljótt og auðið er. Umsögn endurskoðunarnefndar skal fylgja skýrslu vegna innri endurskoðunar sem lögð er fyrir stjórn.

7. Samskipti við ytri endurskoðendur

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki skulu í samræmi við endurskoðunarstaðla kynna endurskoðunaráætlanir og framkvæmd endurskoðunar fyrir nefndinni. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Skýra skal nefndinni frá mikilvægum atriðum sem fram koma við endurskoðunina, eins fljótt og auðið er, og skal sérstaklega getið um mögulega veikleika á innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningskila.

8. Umboð og heimildir endurskoðunarnefndar

- 8.1. Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins og frá endurskoðendum til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum.
- 8.2. Endurskoðunarnefnd skal hafa aðgang að stjórn, stjórnendum og starfsmönnum félagsins til að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna. Forstjóri og aðrir starfsmenn skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.
- 8.3. Endurskoðunarnefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur.

9. Árangursmat

Í árlegri skýrslu endurskoðunarnefndar til stjórnar félagsins skal getið um hvaða þættir í árlegri verkefnaáætlun hafa verið unnir, framvindu atriða í verkefnaáætluninni og hvort niðurstöður þeirra athugana hafi verið ásættanlegar.

10. Önnur ákvæði

- 10.1. Reglur þessar skulu yfirfarnar minnst árlega. Stjórn félagsins samþykkir breytingar á starfsreglum þessum.
- 10.2. Við gerð reglnanna var tekið mið af 5. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum þann 27. ágúst 2020.